



18% fækkun ferðamanna í október

Það sem af er ári hefur ferðamönnum frá Norður-Ameríku fækkað mest á sama tíma og ferðamönnum frá Kína og Rússlandi fjölga.

Líkt og kunnugt er hefur ferðamönnum fækkað verulega og samsetning þeirra tekið breytingum í takt við minna framboð flugsæta til landsins. Samkvæmt nýbirtum tölum Ferðamálastofu komu 163 þús. ferðamenn til landsins í gegnum Leifsstöð í október og voru þeir 18,4% færri en í október fyrir ári síðan.


Á þriðja ársfjórðungi komu 17% færri ferðamenn til landsins samanborið við sama tímabil í fyrra sem er ögn minni samdráttur en varð á öðrum ársfjórðungi, þegar 19% færri ferðamenn komu. Hagfræðideild [spáði](#) fyrr í haust alls tæplega 14% fækkun ferðamanna í ár sem er nokkurn veginn í takt við þróunina það sem af er ári og mesti samdrátturinn því að öllum líkindum yfirstaðinn. Á næsta ári spáum við svo 3% fjölgun erlendra ferðamanna.

Mest fækkun meðal ferðamanna frá Norður-Ameríku

Ef litið er til þróunar eftir þjóðerni sést að ferðamönnum frá Norður-Ameríku hefur fækkað áberandi mest, bæði hlutfallslega og í fjölda talið. Á þriðja ársfjórðungi komu 38% færri Bandaríkjamenn til landsins samanborið við sama tímabil í fyrra og 26% færri Kanadamenn. Bandaríkjamenn sem komu hingað til lands á þriðja ársfjórðungi voru um 100 þús. færri en á sama tíma fyrir ári síðan. Þrátt fyrir þessa miklu fækkun eru Bandaríkjamenn engu að síður fjölmennastir á meðal þeirra erlendra ferðamanna sem heimsækja Ísland. Á þriðja ársfjórðungi komu 175 þús. bandarískir ferðamenn til landsins sem er fjórðungur allra ferðamanna sem hingað komu.

Þróunin í október var svipuð og á síðustu mánuðum. Bandaríkjamönnum fækkaði mest í fjölda talið, en 26 þús. færri Bandaríkjamenn komu til Íslands í október í ár samanborið við október í fyrra. Kanadamönnum fækkaði um tæplega 6 þúsund og Bretum um 4 þúsund.


Fækkun ferðamanna



Mánaðarleg gögn.

Heimild: Ferðamálastofa, Hagfræðideild Landsbankans

Ferðamenn eftir þjóðerni



Ársfjórðungsleg gögn.

Heimild: Ferðamálastofa, Hagfræðideild Landsbankans



Kínverjum og Rússum fjölgað mest

Það er þó ekki að greina fækkun meðal allra þjóðerna. Ferðamönnum frá Kína hefur til að mynda fjölgað á öllum fjórðungum þessa árs samanborið við stöðuna fyrir ári síðan. Kínverjum byrjaði að fjölga á síðari hluta síðasta árs, en mest varð fjölgunin um 22% á síðasta fjórðungi síðasta árs. Það sem af er ári hafa 81 þús. Kínverjar komið til landsins sem er 12% fjölgun frá því í fyrra.


Rússum hefur einnig fjölgað mikið, bæði hlutfallslega og í fjölda talið. Það sem af er ári hafa 16 þús. Rússar komið til landsins sem er 18% fjölgun samanborið við fyrstu 10 mánuðina í fyrra. En Rússar eru þrátt fyrir mikla aukningu ekki nema afar lítil hluti þeirra ferðamanna sem koma hingað, eða um 1%.

Kínverjar eyða minna en aðrar þjóðir

Líkt og greint var frá í [Hagsjá](#) Hagfræðideildar sem kom út í síðustu viku hefur samsetning ferðamanna breyst þar sem þeir ferðamenn sem koma nú til landsins virðast dvelja lengur og eyða meiru þó þeir eyði minna á dag.

Meðal fjölmennustu þjóðerna sem koma hingað til lands eyða Bandaríkjamenn mestu. Hver Bandaríkjamaður sem kom hingað til lands á fyrstu 9 mánuðum árs eyddi að meðaltali 155 þús. kr á meðan að dvöl hans stóð. Á eftir Bandaríkjamönnum eyddu Bretar mestu, tæplega 150 þús. kr., og Kínverjar eyddu minnst, tæplega 80 þús. kr. á mann.

Kortavelta á ferðamann meðal fjölmennustu þjóðerni ferðamanna



Kortavelta á fyrstu 9 mánuðum ársins á gengi hvers tíma fyrir sig meðal fjölmennustu þjóðerna ferðamanna að frátöldum ferðamönnum frá Póllandi, en vísbendingar eru um að hluti þeirra sem taldir eru til ferðamanna frá Póllandi hafi hér fasta búsetu.

Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Hagfræðideild Landsbankans.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.